

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 37 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 11. mars 2020 kl. 17:00

í fundarsal Hótelss Vestm.

Mættir voru: Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Birna Vídó Þórsdóttir og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Aníta Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru sjö dagskrárliðir:

1. Covid-19. Undirbúningur og aðgerðir.

Framkvæmdastjóri fór yfir þær áætlanir sem liggja fyrir og annan undirbúning vegna Covid-19. Hann og fulltrúar áhafnar hafa fundað og verið í reglulegu sambandi við fulltrúa almannavarnarnefndar vegna stöðunnar.

Stjórnin þakkar yfirferðina og felur framkvæmdastjóra ásamt stjórnarformanni að vinna sviðsmyndir þar sem áhrif Covid-19 á rekstur félagsins eru metin og kynna á næsta fundi.

2. Kojur –verð og stefna um búnað.

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulagið á nýjum kojum, þrifum og hugmyndum að framtíðarskipulagi.

Stjórnin fól framkvæmdastjóra að leggja fyrir stjórn tillögur og kostnað við framtíðarskipulag á kojumálum í skipinu.

3. Slíptökur Herjólfss III og IV.

Framkvæmdastjóri fór yfir slíptöku á Herjólf III og væntanlega slíptöku Herjólfss IV.

Stjórnin þakkar yfirferðina. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að slíptaka Herjólfss IV sé í farvegi.

4. Styrkir og afgreiðslur þeirra.

Stjórnarformaður fór yfir drög að fyrirkomulagi styrkja og samstarfssamninga.

Málinu verður fram haldið á næsta fundi.

5. Starfsmannamál.

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

6. Viðræður við Vegagerðina.

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fóru yfir viðræður við Vegagerðina.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 16. mars 2020.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 19:10.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.